

S A M Þ Y K T

um

girðing í Svínavatnshreppi.

51

6. júní

Hreppsnefndin í Svínavatnshreppi í Húnavatnssýslu hefir samkvæmt lögum 22. nóv. 1913 um girðingar, gjört eftirfylgjandi samþykkt um girðing í Svínavatnshreppi fyrir Svínadal.

1. gr.

Í Svínavatnshreppi skal, vera girðing frá svonefndri Hálsagirðingu á merkjum milli Hrafnabjarga og Rútsstaða og þaðan upp með Seljá að norðan upp í kletta norðan Seljársskarðs. Einnig sje þvergirðing upp og ofan á Bekknum fyrir ofan Snæringsstaði.

2. gr.

Girðing þessi skal vera fjórþætt gaddavírsgirðing með undirhleðslu og að öðru leyti svo sem girðingalögin frá 1913 áskilja.

3. gr.

Kostnað við lagning og viðhald girðingar þessarar, greiði ábúendur og búpeningseigendur á Svínadalsbæjunum vestan ár, utan Gafls, svo og Auðkúlu.

4. gr.

Gjaldi þessu skal jafna þannig niður, að helmingur sje lagður á fasteignir, án húsa, eftir jarðamati, og hinn helmingurinn á fjallskilaskyldan pening eftir sömu reglum og fjallskilum er jafnað niður.

5. gr.

Framkvæmd á þessu verki, niðurrjöfnun kostnaðarins, eftirlit með girðingunni og gjaldheimta, sjeu falin þriggja manna stjórn, sem kosin sje af þátttakendum á aðalfundi, er haldinn sje í aprílmánuði ár hvert. Niðurrjöfnun og reikningsskil leggist til úrskurðar fyrir aðalfund.

51

6. júní

6. gr.

Stjórnin skal kosin árlega; en enginn er skyldur að gegna störfum lengur en þrjú ár samfleytt. Skyldir til að taka kosningu í stjórnina eru allir búendur á svæðinu.

Endurskoðun reikninga fjelagsins sje falin einum manni, og gilda um kosningu hans sömu reglur og um kosningu stjórnarnefndar.

7. gr.

Samþykkt þessari má breyta á aðalfundi, ef $\frac{2}{3}$ allra atkvæðisbærra fjelagsmanna samþykkja og breytinganna sje getið í fundarboði.

Samþykkt þessi er hjermeð staðfest til að öðlast þegar gildi og birt til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

Atrvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 6. júní 1923.

Kl. Jónsson.

Vígfús Einarsson.

52

15. júní

REGLUGJÖRÐ

um

breyting á reglugjörð 7. mars 1908 um notkun pósta og reglugjörð um
breyting á nefndri reglugjörð.

Í 1. gr. komi „10“ og „6“ í stað „9“ og „7“.

Í 2. gr. 3. málsgrein komi „póststofa eða“ á undan orðinu „póstafgreiðsla“. Á sömu síðu 2. línu að neðan komi „10“ í stað „9“ og setningin í neðstu línu, sem byrjar með „Hve lengi“ og það sem eftir er af málsgreininni falli burt.

Í 4. gr. 4. málsgrein komi „krossbönd“ á eftir almenn brjef.

7. gr. undir „Fylgibrjef“ 3. og 4. málsgrein falli burt og setningin á sömu síðu í 8. málsgrein, í sama kafla, sem byrjar með orðunum „vilji“ og endar á „landveg“ falli burt. 78. gr. 1. línu komi 1000 í stað „720“ og í staðinn fyrir „Póststofan í Reykjavík“ í sömu málsgrein komi „Póststofur“.